

Sveitarfélagið Árborg

Farsæl börn í leikskóla

Samstarfsverkefni



Júlíana Tyrfingsdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir og Jóhanna
Einarsdóttir

9. ágúst 2024

Nafn skóla

- Fjölskyldusvið Árborgar, Farsældarteymi
- Álfheimar
- Goðheimar
- Hulduheimar
- Jötunheimar
- Strandheimar
- Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Nafn verkefnisins

Farsæl börn í leikskóla

Nafn verkefnisstjóra

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk

Númer samningsins er 220490-7101 og verkefnið hlaut styrk 2023.



Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er þrjúþætt og tengist innleiðingu ákvæða laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 með áherslu á grunnþjónustu leikskóla í stigskiptri farsældarþjónustu. Umsóknin fellur undir áherslusvið Sprotasjóðs um Farsæld barna og ungmenna með áherslu á geðrækt, geðtengsl, geðheilbrigði. Verkefninu var ætlað að stuðla að farsæld barna með því efla félags- og tilfinningahæfni barna í nánu samstarfi við foreldra. Það var gert með því að þróa leiðir til að efla félags- og tilfinningahæfni barna í leik og daglegu starfi og hlúa að vináttu þeirra og samskiptum. Lögð var áhersla á að hlusta á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra og þátttöku í daglegu starfi í leikskólanum. Jafnframt var rík áhersla lögð á gott samstarf leikskólakennara og foreldra í verkefninu. Markmið verkefnisins er því að styrkja grunnþjónustu við leikskólabörn og foreldra. Það var gert með því að:

- Vinna að því að byggja upp farsælt samstarf milli foreldra og starfsfólks í leikskólum í takt við stigskipta farsældarþjónustu,
- Þróa leiðir til að efla félags- og tilfinningahæfni barna í leik og daglegu starfi og hlúa að vináttu þeirra og samskiptum,
- Þróa margvíslegar aðferðir og leiðir til að nálgast sjónarmið barna sem lið í innra mati leikskólans og virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Unnið var að ofangreindum markmiðum í þróunarverkefni veturinn 2023 – 2024. Fimm leikskólar í sveitarfélaginu Árborg, þeir Álfheimar, Goðheimar, Hulduheimar, Jötunheimar og Strandheimar unnu saman að verkefninu. Það var gert í samstarfi við fjölskyldusvið Árborgar og tvo rannsakendur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem veittu ráðgjöf og fræðslu og fylgdust með starfendarannsókninni, skráðu ferlið og tóku viðtöl við stjórnendur skólanna. Verkáætlun var gerð í upphafi verkefnisins, sjá töflu 1.

Tafla 1. Verkáætlun

Dagsetningar	Verkáætlun 2023 - 2024
18. ágúst 2023	Kynning á verkefni á starfsdegi
11. sept. 2023	Fundur með verkefnastjóra
25. sept. 2023	Viðtöl við stjórnendur
22. nóv. 2023	Vinnusmiðja um félags- og tilfinningahæfni
2. jan. 2024	Vinnusmiðja um þátttöku barna
5. mars 2024	Vinnusmiðja um foreldrasamstarf
17. maí 2024	Viðtöl við stjórnendur
21. maí 2024	Endurmat á starfsdegi

Framkvæmd verkefnisins

Verkefnið hófst á sameiginlegum starfsdegi leikskóla og grunnskóla í Árborg þann 18. ágúst 2023. Farið var yfir helstu markmið og leiðir og aðferðir starfendarannsókna kynntar. Þá tók starfsfólk leikskólanna þátt í hugarflugskönnun um stuðning við félags- og tilfinningahæfni barna, áhrifamátt og þátttöku barna í daglegu starfi leikskólanna og um eflingu foreldrasamstarfs.

Rannsakendur frá Menntavísindasviði tóku viðtöl við stjórnendur skólanna í upphafi verkefnisins til að kanna stöðu ofangreindra þátta í starfinu. Leikskólarnir völdu að leggja megin áherslu á eitt markmið verkefnisins innan síns leikskóla yfir veturinn. Gáfu viðtölin góðan grunn til að byggja þá fræðslu og stuðning sem skipulögð var í kjölfarið.

Haldnar voru þrjár vinnustofur um markmið verkefnisins, þar sem haldnir voru fyrirlestrar og leikskólarnir kynntu þróun þess þátta sem þeir völdu að gera umbætur á. Meðal annars voru fluttir fyrirlestrar um stuðning við félags- og tilfinningahæfni í leik, um þátttöku barna og um samstarf við foreldra, foreldrafræðslu og samstarf við foreldra með erlendan bakgrunn.



Í lok vetrarins tóku rannsakendur frá Menntavísindasviði aftur viðtöl við stjórnendur leikskólanna til að heyrna hvernig til tókst.

Verkefnastjóri fundaði reglulega með leikskólunum, heimsótti þá og var verkefnið einnig til umræðu á samráðsfundum leikskólastjóra í Árborg. Þá var greinum um félags- og tilfinningahæfni barna, þátttöku þeirra í leikskólastarfi og foreldrasamstarf dreift á leikskólana sem starfsfólk las og kynnti sér.

Val leikskóla á áhersluþætti:

Leikskólinn **Álfheimar** valdi að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna. Tengslakannanir voru gerðar, unnið úr þeim og brugðist við. Rætt var um að kynna tengslakannanirnar fyrir foreldrum á kynningarfundum og að fá foreldra til að gera tengslakannanir. Þá var unnið að því að gefa leik meira rými og skrá og ígrunda, þar sem leikur gefur góða innsýn í félagslega stöðu barna. Einnig var unnið að fræðslu um foreldrasamskipti og að byggja upp traust.



Leikskólinn **Goðheimar** valdi að vinna með vellíðan og leik barna, dagskipulag var skoðað með leik barna í huga, hlutverk kennara í leik og skráningum á leik. Áhersla var lögð á að skipta börnum í fámanna hópa á svæði úti og inni til að auka vellíðan nemenda og kennara. Um leið skapast gott tækifæri fyrir kennara til að skrá leik barna, hlusta á raddir þeirra og styðja til þátttöku og áhrifa.



Leikskólinn **Hulduheimar** valdi að styðja við félags- og tilfinningahæfni barna með aðferðum Vináttu. Starfið með Vináttuverkefnið var gert sýnilegra í leikskólanum og vinnubrögð samræmd. Agastefna leikskólans var uppfærð og gildum Vináttu bætt þar inn. Hugað var að fræðslu til foreldra um grunnþarfir barna, tengsl og leiðir til að efla félagsfærni. Þá var unnið að leikskráningum þar sem fylgst var með samskiptum og ánægju barnanna. Breytingar voru gerðar á skipulagi sem leiddu til meiri viðveru starfsfólks með börnunum.



Leikskólinn **Jötunheimar** valdi að vinna að öllum markmiðum verkefnisins. Unnið var að því að gefa sjálfsprottum leik meiri tíma og að lesa betur í barnahópinn. Leikefni var gert aðgengilegra og meira frelsi gefið um efnivið og viðfangsefni. Rýnt var í félagsfærni barna, líðan og samskipti í leik. Þá var skoðað hvernig hægt sé að fá foreldra til að meta líðan eigin barna og efla þau í þátttöku í þeim verkefnum sem boðið er upp á í leikskólanum. Gera starfið og námsþætti sýnilegt fyrir foreldra, gæta þess að allt starfsfólk sé meðvitað um starfshætti, markmið og gildi sjálfsprottna leiksins.



Leikskólinn **Strandheimar** valdi að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna. Unnið var með jákvæðan aga og kortlagt það sem þegar er verið að gera til að styðja við félagsþroska barna. Skipulag starfsins var einnig skoðað og leik gefin aukið rými og tími. Orðræða og framkoma við börnin var samræmd og sameiginlegu verklagi komið á. Lögð var áhersla á að starfsfólk fengi fræðslu um jákvæðan aga. Unnið var sérstaklega með þrjá lykilþætti; góðvild og festu, opnar spurningar og hvatningu og hrós.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Leikskólinn Árbær sá sér ekki fært að taka þátt þar sem skipt var um rekstraraðila og stjórn leikskólans haustið 2023.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins, að mati stjórnenda leikskólanna, voru veikindi, mannekla og tímaskortur. Þeim fannst veturinn hafa verið fremur erfiður að þessu leyti og kom það fram í því að erfitt reyndist að halda áætlun í verkefninu og skrá ferlið.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Mikill ávinningur var af verkefninu að mati stjórnenda, þrátt fyrir þær hindranir sem þeir nefndu. Gildi þess að leggja áherslu á að þróa einn afmarkaðan þátt sérstaklega var augljóst og gerði það að verkum að starfsfólk varð meðvitaðra um starfshætti sína, hvað gekk vel og hvað mætti gera betur. Fræðslan opnaði einnig augu þeirra um ákveðin atriði. Samstarf þvert á leikskóla og kynningar leikskólanna voru einnig taldar gagnlegar og gefandi og gefa starfsfólkinu margar góðar hugmyndir sem það gat nýtt sér í störfum sínum.

Mat á verkefninu

Unnið hefur verið að því að byggja upp farsælt samstarf milli foreldra og starfsfólks í leikskólum í takt við stigskipta farsældarþjónustu. Tveir leikskólanna í verkefninu hafa þróað

námskeiðahald fyrir foreldra um uppeldi barna sinna. Þeir munu bjóða upp á námskeið fyrir alla foreldra leikskólanna og áætlað er að aðrir leikskólar sveitarfélagsins njóti góðs af þeirri þróunarvinnu. Bæði foreldrar og skólar gegna mikilvægu uppeldis- og ábyrgðarhlutverki gagnvart börnum og ungmennum og því mikils um vert að þessir aðilar vinni vel saman.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna hefur skoðað stuðning sinn við félags- og tilfinningahæfni barna í leikskólunum, til dæmis í leik eða í vinnu með ákveðin verkefni eða námsgögn. Starfsfólkið skoðaði þau tækfæri sem felast í daglegu starfi til að styðja við félagslega og tilfinningalegt nám barna. Starfsfólkið er mikilvæg fyrirmynd og með því að eiga í jákvæðum samskiptum við börnin stuðlar það að vellíðan og styður við félags og tilfinningalegra hæfni barnanna. Félagsleg hæfni lærist í daglegum samskiptum í samfélagi leikskólans þar sem hinir fullorðnu veita stuðning og leiðsögn. Þar sem börn verja löngum tíma í leik þá má fullyrða að leikur skapi mikilvægar aðstæður fyrir félagsleg samskipti og þjálfun félags- og tilfinningalegrar hæfni.

Líkan Lundy var kynnt sem grunn til að auka þátttöku barna. Líkanið byggir á fjórum viðmiðum. Það fyrsta snýst um að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og tjá þær. Annað viðmiðið fjallar um þátt starfsfólksins í að auðvelda börnum að tjá skoðanir sínar, veiti þeim viðeigandi upplýsingar og greiði fyrir því að þau láti í ljósi skoðanir sínar. Þriðja viðmiðið felst í að tryggja beri að hlustað sé á skoðanir barna, þ.e. að þeim sé komið á framfæri við aðila sem geta komið skoðunum þeirra í framkvæmd og fjórða viðmiðið snýst um þau áhrif sem raddir barna geta haft og að þær séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim. Kynntar voru aðferðir sem sérstaklega eru sniðnar að fjölbreyttum tjáningarmáta barna, sem einskorðast ekki við það sem sagt er. Lagt var til að notuð séu tæki sem geri börnum kleift að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar á táknrænan hátt, til dæmis með teikningum og ljósmyndum.

Helsti lærdómur sem þátttakendur drógu með sér úr verkefninu var að gott starf er unnið í leikskólum Árborgar og mikill metnaður. Allir eru að hugsa um hag barnanna. Gaman er að sjá að allir leikskólarnir vinna samkvæmt sömu gildunum en á ólíkan hátt. Þátttakendum fannst þeir hafa öðlast meiri kunnáttu, sáu að breytingar geta verið til góðs og að ýmislegt sé hægt að gera þrátt fyrir áskoranir í starfinu. Helst var talað um að það þyrfti að hugsa dagana út frá hagsmunum barnanna, gefa þeim meira svigrúm til að vera börn og að þau hafi meiri áhrif á skipulag starfsins. Meiri vitund varð um mikilvægi leiks í að efla félags- og tilfinningahæfni barna og aðrar fjölbreyttar leiðir og aðferðir til að vinna með börnum. Þá var rætt um mikilvægi leiksins, að vera til staðar og hlusta á börnin og skrá. Fram kom að það skiptir máli að hafa ánægju af því sem þú ert að gera og verður betri manneskja í vinnunni. Einnig að þörf er á að endurskoða starfið reglulega og að gott sé að allir eru að læra saman sem leiðir til aukinnar fagmennsku í starfi.

Það sem þátttakendur töldu helst þurfa að breyta var aukin samvinna sem þeir töldu mikilvæga og ræddu margir um að vanda þurfi orðræðuna, þ.e. hvernig talað er um starfið og í starfi. Bæta þurfi viðhorf og vinnuleði, vera meira til staðar og hvetja börnin, fylgjast með leik þeirra og tengjast þeim betur. Skipuleggja þurfi starfið út frá sjálfsprottnum leik barna og gefa þeim tækifæri til að hafa aukin áhrif á starfið. Rætt var um að nýta undirbúningstíma betur, vera duglegri að skrifa í rannsóknardagbók og gera leikjaskráningar.

Niðurstöður verkefnisins

Stjórnendur leikskólanna telja að veturinn hafi mótað fyrstu skref í þeirri vegferð þeirra að hlúa að félags- og tilfinningahæfni barna og auka þátttöku þeirra í leikskólastarfi. Telja þeir starfsfólk leikskólanna vera betur í stakk búin að takast á við þetta hlutverk sitt í að styðja börn í leik og samveru og veita þeim fjölmörg tækifæri í daglegu starfi til að taka þátt. Mörg dæmi um slíkt voru kynnt á sameiginlegum fundum leikskólanna. Þá vinna margir leikskólanna að því að endurskoða foreldrasamstarf og auka fræðslu til foreldra um uppeldi og nám barna og líta á sig sem samstarfsaðila í því mikilvæga verkefni. Eins og fyrr segir líta stjórnendur leikskólanna á þennan vetur sem upphafið að því að vinna með markvissari hætti að þeim markmiðum sem sett voru fram í verkefninu.

Áætlun um kynningu

Áætlað er að kynna verkefnið á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntakviku haustið 2024, sem er ætlað að kynna og miðla því sem er efst á baugi í menntavísindum og á tengdum sviðum hverju sinni.

Þá er áætlað að vekja athygli á þeim leiðum sem leikskólarnir völdu til að styðja við félags- og tilfinningahæfni barna með ritrýndri grein um efnið Netlu -veftímarit um uppeldi og menntun.

Verkefnið verður einnig kynnt á árlegum fundi Kennarasambands Íslands.

Skýrslan um verkefnið verður aðgengileg á vefsíðum leikskólanna í Árborg.

Rekstrarreikningur (Vinsamlegast skilið rekstrarreikningi og undirskrift á sér blaði)

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal